

REGLUR

um breytingu á reglum um gjaldskrá Háskóla Íslands vegna þjónustu við
nemendur o.fl., og innheimtu og ráðstöfun skrásetningargjalds, nr.
244/2014.

1. gr.

2. gr. reglnanna orðast svo:

Skrásetningargjald	100.000 kr.
Skrásetningargjald – nýskráning á vormisseri	75.000 kr.
Skrásetningargjald – gestanemandi á samningi	15.000 kr.
Skrásetningargjald – gestanemandi án samnings	30.000 kr.
Skrásetningargjald – í leyfi	15.000 kr.
Skrásetningargjald – úr leyfi	85.000 kr.

Lagt er 15% álag á skrásetningargjald sé það greitt utan auglýsts greiðslutímabils.

Öryrkjar fá 25% afslátt af skráningargjaldi.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðauka A. Skýringar með 2. og 3. gr. reglnanna:

- a. 2. málsl. 1. mgr. orðast svo: Frá háskólaárinu 2026-2027 er skrásetningargjaldið kr. 100.000 og er innheimt fyrir hvert háskólaár.
- b. 2. og 3. málsl. 2. mgr. falla brott.
- c. Í stað tölunnar „55.000“ í 3. málsl. 3. mgr. kemur talan: 75.000.
- d. Í stað tölunnar „10.000“ í 7. málsl. 3. mgr. kemur talan: 15.000.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði, eru settar í samræmi við 71. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í c-lið 2. mgr. 24. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 63/2006 og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 17. febrúar 2026.

Silja Bára R. Ómarsdóttir.

Magnús Jökull Sigurjónsson.